FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1081 **2020/EES/16/15**

frá 8. mars 2019

um að koma á reglum um sértækar kröfur um þjálfun starfsfólks sem innir af hendi eftirliti með ástandi á landamæraeftirlitsstöðvum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 5. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót reglum um framkvæmd opinbers eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna með dýrum og vörum sem koma inn í Sambandið til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengda matvælakeðju.

2) Í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að allt starfsfólk sem innir af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi þurfi að fá viðeigandi þjálfun á sínu verksviði. Í I. kafla II. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625 eru sett fram viðfangsefni m.t.t. þjálfunar starfsfólks sem innir af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi.

3) Í c-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að lögbær yfirvöld inni af hendi opinbert eftirlit með dýrum á landamæraeftirlitsstöðvum til að sannprófa samræmi við kröfur um velferð dýra og einkum við reglur sem gilda um flutning þeirra inn í Sambandið. Slíkt opinbert eftirlit skal fela í sér eftirlit með hæfi dýranna sem verið er að flytja og með flutningatækinu.

4) Í 3. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að lögbær yfirvöld geri nauðsynlegar ráðstafanir meðan opinbert eftirlit stendur yfir til að koma í veg fyrir hvers kyns tafir milli þess að dýrin eru sett í flutningatækið og brottfarar þeirra eða halda þeim í lágmarki. Ef halda þarf dýrum eftir í meira en tvær klukkustundir meðan á flutningi stendur skulu lögbær yfirvöld tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar varðandi hirðingu þeirra og, ef nauðsyn krefur, fóðrun þeirra, brynningu, affermingu og hýsingu. Því er rétt að starfsfólk, sem aðstoðar opinberan dýralækni við eftirlit með ástandi á dýrum á landamæraeftirlitsstöðvum, sé þjálfað sérstaklega til þess.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 26.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

5) Í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er kveðið á um að tilteknir flokkar dýra og vara, sem koma frá þriðju löndum, skulu sæta opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöð þar sem þau koma fyrst inn til Sambandsins. í samræmi við 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar skal slíkt opinbert eftirlit fela í sér sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi.

6) Í 2. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er kveðið á um að opinber dýralæknir skuli sinna eftirliti með ástandi ef eftirlitið tengist dýrum, að undanskildum lagardýrum, og kjöti og ætum kjötinnmat. Opinber dýralæknir má njóta aðstoðar starfsfólks sem hefur hlotið þjálfun, í samræmi við kröfurnar sem komið var á samkvæmt þeirri reglugerð, í málefnum er varða heilbrigði dýra og dýraafurða og sem lögbær yfirvöld hafa tilnefnt í þessu skyni. Þar er einnig kveðið á um að eftirliti með ástandi er varðar lagardýr, afurðir úr dýraríkinu aðrar en kjöt og ætan kjötinnmat, kímefni eða aukaafurðir úr dýrum skuli sinnt af opinberum dýralækni eða starfsfólki sem hefur hlotið þjálfun í samræmi við kröfurnar sem komið var á samkvæmt þeirri reglugerð og sem lögbær yfirvöld hafa tilnefnt í þessu skyni.

7) Til samræmis við það er þess krafist að starfsfólk, sem sinnir eftirliti með ástandi sem hluta opinbers eftirlits með dýrum og tilteknum flokkum afurða á landamæraeftirlitsstöðvum, hafi hlotið sértækari þjálfun í því skyni. Þjálfunin ætti að tryggja að hæfni við framkvæmd slíks eftirlits með ástandi sé sú sama á öllum landamæravörslustöðvum.

8) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB ([1]) er sett fram ítarleg námsáætlun fyrir dýralækna. Námsáætlunin felur í sér fög eins og líffærafræði, meinafræði, sníklafræði, klínísk læknavísindi, dýralækningar á vegum ríkisins og lýðheilsu, heilbrigðislöggjöf um dýr og dýraafurðir, búfjárframleiðslu og hollustuhætti á sviði matvæla (skoðun á og eftirlit með matvælum úr dýraríkinu, hollustuhættir á sviði matvæla og tækni og hagnýt vinna, þ.m.t. hagnýt vinna á stöðum þar sem slátrun dýra og vinnsla matvæla fara fram). Þekking á þessum fögum er nauðsynleg til að geta sinnt eftirliti með ástandi á dýrum, afurðum úr dýraríkinu, kímefnum og aukaafurðum úr dýrum. Því er rétt að setja fram sértækar kröfur um þjálfun fyrir starfsfólk, annað en opinbera dýralækna, til að ná viðeigandi hæfnisstigi. Eins og stendur hefur ekki verið tilgreind þörf til að innleiða sértækar kröfur um þjálfun fyrir opinbera plöntuheilbrigðiseftirlitsmenn, sem ganga lengra en gildandi kröfur. Því er ekki nauðsynlegt að opinberir dýralæknar og opinberir plöntuheilbrigðiseftirlitsmenn falli undir gildissvið þessarar reglugerðar.

9) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að tilnefna starfsfólk sem, þó að það hafi ekki fylgt námsáætluninni í samræmi við þessa reglugerð, hefur lokið þjálfunarstarfsemi eða áætlun um skipti á starfsfólki sem um getur í 130. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því tilskildu að starfsemin eða áætlanirnar nái yfir sama viðfangsefni og er krafist með þessari reglugerð.

10) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE ([2]) er mælt fyrir um reglur að því er varðar tilnefningu opinbers starfsmanns sem hefur hlotið sérstaka þjálfun til að sinna skoðunum á fiski á skoðunarstöðvum á landamærum í höfnum þar sem fiski er landað. Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 nær yfir gildissvið þeirrar ákvörðunar og mælt er fyrir um kröfur um þjálfun í þessari reglugerð ætti að fella hana úr gildi.

11) Reglugerð (ESB) nr. 2017/625 gildir frá 14. desember 2019. Til samræmis við það ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur til að koma á sértækum kröfum um þjálfun fyrir eftirfarandi starfsfólk, eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem innir af hendi eftirlit með ástandi á landamæraeftirlitsstöðvum:

a) starfsfólk sem aðstoðar opinberan dýralækni við framkvæmd eftirlits með ástandi á dýrum, að undanskildum lagardýrum, eða á kjöti og ætum kjötinnmat,

b) starfsfólk sem innir af hendi eftirlit með ástandi á lagardýrum, afurðum úr dýraríkinu, öðrum en þeim sem um getur í a-lið, á kímefnum eða aukaafurðum úr dýrum.

2. Þessi reglugerð skal ekki gilda um opinbera dýralækna og um opinbera plöntuheilbrigðiseftirlitsmenn.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE frá 1. júní 1993 um undanþágu frá skilyrðum fyrir viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum í höfnum þar sem fiski er landað (Stjtíð. EB L 144, 16.6.1993, bls. 25).

2. gr.

Almennar skyldur lögbærra yfirvalda að því er varðar þjálfun

1. Starfsfólkið sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 1. gr. má eingöngu aðstoða opinberan dýralækni við framkvæmd eftirlits með ástandi eða inna af hendi eftirlit með ástandi í samræmi við 2. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 ef það hefur með fullnægjandi hætti lokið þjálfunaráætlun sem uppfyllir kröfurnar í 3. gr. þessarar reglugerðar (hér á eftir nefnd þjálfunaráætlunin).

2. Lögbær yfirvöld skulu þróa og skipuleggja þjálfunaráætlunina til að tryggja að eftirlit með ástandi sem um getur í 1. gr. sé innt af hendi með fullnægjandi tæknilegri færni og sérþekkingu. Þjálfunaráætlunin skal vera bæði bókleg og hagnýt.

3. Lögbær yfirvöld skulu halda skrár um þjálfunaráætlunina á pappír eða á rafrænu formi fyrir hvern einstakling, þ.m.t. dagsetningar, tímalengd, áætlunarlýsingu og, eftir því sem við á, vottorð sem staðfesta að starfsfólkið hafi lokið þjálfunaráætluninni með fullnægjandi hætti. Lögbær yfirvöld í aðildarríki skulu tryggja að hver landamæraeftirlitsstöð í því aðildarríki hafi aðgang að þjálfunarskrám sem eru haldnar á pappír eða á rafrænu formi.

3. gr.

Kröfur er varða viðfangsefni þjálfunaráætlunarinnar

1. Innihald þjálfunaráætlunarinnar skal ákvarðað í samræmi við þau dýr og afurðir sem landamæraeftirlitsstöðvarnar eru tilnefndar fyrir og þau verkefni og ábyrgð sem starfsfólkinu er úthlutað.

2. Þjálfunaráætlunin skal ná yfir eftirfarandi viðfangsefni:

a) gildandi löggjöf Sambandsins er varðar komu dýra og afurða inn í Sambandið, þ.m.t. málsmeðferð sem fylgja skal og aðgerðir sem gera skal meðan á eftirliti með ástandi stendur og á eftir,

b) almennar meginreglur um skoðun á dýrum,

c) athugun á hæfi dýra til flutnings,

d) hagnýta þætti varðandi meðhöndlun dýra í samræmi við löggjöf Sambandsins, þ.m.t. ráðstafanir til að koma í veg fyrir tafir á landamæraeftirlitsstöðvum eða draga úr þeim og, ef nauðsyn krefur, til að fóðra og brynna dýrunum, afferma og hýsa þau,

e) skynmatsathugun á afurðum,

f) athugun á flutningatækjum og flutningsskilyrðum, þ.m.t. meðhöndlun afurða sem eru viðkvæmar fyrir hitastigi (órofin kæling) og á flutningi dýra,

g) greining dýrategunda, þ.m.t., ef við á, greining á ágengum framandi tegundum, eins og þær eru skilgreindar í 2. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 ([1]), sem koma inn í Sambandið með dýrum og afurðum,

h) málsmeðferð við eftirlit að því er varðar:

   i. notkun búnaðar,

   ii. framkvæmd vöktunaráætlana,

   iii. verklagsreglur fyrir sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu að því er varðar dýr og dýraheilbrigðis- og lýðheilsuþætti,

i) aðferðir til túlkunar á niðurstöðum úr prófunum á rannsóknarstofu og tengdar ákvarðanir í samræmi við kröfurnar í viðeigandi löggjöf Sambandsins,

j) áhættumat, þ.m.t. gagnasöfnun í tengslum við heilbrigði dýra og lýðheilsu, til að sinna rétt miðuðu eftirliti með ástandi,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 frá 22. október 2014 um að fyrirbyggja og stjórna aðflutningi og útbreiðslu ágengra, framandi tegunda (Stjtíð. ESB L 317, 4.11.2014, bls. 35).

k) að koma í veg fyrir víxlmengun og að farið sé eftir viðeigandi lífvarnastöðlum,

l) kröfur um merkingar á vörum sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/625,

m) rannsóknir og eftirlitstækni sem miða að því að greina sviksamlega eða villandi viðskiptahætti.

4. gr.

Þjálfunarstarfsemi og áætlanir um skipti á starfsfólki sem eru skipulögð skv. 130. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625

Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. má starfsfólk sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 1. gr. aðstoða opinberan dýralækni við eftirlit með ástandi eða inna af hendi eftirlit með ástandi í samræmi við 2. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, ef það hefur hlotið þjálfun innan ramma þjálfunarstarfsemi eða áætlana um skipti á starfsfólki, sem eru skipulögð skv. 130. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því tilskildu að slík starfsemi eða slíkar áætlanir nái yfir innihald og viðfangsefni þjálfunaráætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 93/352/EBE er felld úr gildi.

6. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

_____